

1979 nr. 41 1. júní

Lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn

I. Landhelgi.

■ **1. gr.** Landhelgi Íslands skal afmörkuð af línu sem alls staðar er 12 sjómílur frá grunnlínu sem dregin er milli eftir talinna staða:

1. Horn.....	66°27'4	n.br.,	22°24'3	v.lg.
2. Ásbúðarrif.....	66°08'1	-	20°11'0	-
3. Sigrunes.....	66°11'9	-	18°49'9	-
4. Flatey.....	66°10'3	-	17°50'3	-
5. Lágey.....	66°17'8	-	17°06'8	-
6. Rauðinúpur.....	66°30'7	-	16°32'4	-
7. Rifstangi.....	66°32'3	-	16°11'8	-
8. Hraunhafnartangi.....	66°32'2	-	16°01'5	-
9. Langanes.....	66°22'7	-	14°31'9	-
10. Glettinganes.....	65°30'5	-	13°36'3	-
11. Norðfjarðarhorn.....	65°10'0	-	13°30'8	-
12. Gerpir.....	65°04'7	-	13°29'6	-
13. Hólmur.....	64°58'9	-	13°30'6	-
14. Setusker.....	64°57'7	-	13°31'5	-
15. Pursasker.....	64°54'1	-	13°36'8	-
16. Ystiboði.....	64°35'2	-	14°01'5	-
17. Selsker.....	64°32'8	-	14°07'0	-
18. Hvítigar.....	64°23'9	-	14°28'0	-
19. Stokksnes.....	64°14'1	-	14°58'4	-
20. Hrollaugseyjar.....	64°01'7	-	15°58'7	-
21. Tvísker.....	63°55'7	-	16°11'3	-
22. Ingólfshöfði.....	63°47'8	-	16°38'5	-
23. Hvalsíki.....	63°44'1	-	17°33'5	-
24. Meðallandssandur I.....	63°32'4	-	17°55'6	-
25. Meðallandssandur II.....	63°30'6	-	17°59'9	-
26. Mýrnatangi.....	63°27'4	-	18°11'8	-
27. Kötlutangi.....	63°23'4	-	18°42'8	-
28. Lundadrangur.....	63°23'5	-	19°07'5	-
29. Surtsey.....	63°17'7	-	20°36'2	-
30. Eldeyjardrangur.....	63°43'8	-	22°59'4	-
31. Geirfugladrangur.....	63°40'7	-	23°17'1	-
32. Skálasnagi.....	64°51'3	-	24°02'5	-
33. Bjartangar.....	65°30'2	-	24°32'1	-
34. Kópanes.....	65°48'4	-	24°06'0	-
35. Barði.....	66°03'7	-	23°47'4	-
36. Straumnes.....	66°25'7	-	23°08'4	-
37. Kögur.....	66°28'3	-	22°55'5	-
38. Horn.....	66°27'9	-	22°28'2	-

Landhelgin skal auk þess afmörkuð af línu sem alls staðar er 12 sjómílur frá stórstraumsfjöruborði Kolbeinseyjar (67°08'9 n.br., 18°41'3 v.lg.), Hvalbaks (64°35'8 n.br., 13°16'6 v.lg.) og ystu annesja og skerja Grímseyjar.

□ Hver sjómíla reiknast 1852 metrar.

■ **2. gr.** Fullveldisréttur Íslands nær til landhelginnar, hafsbotsins innan hennar og loftrýmisins yfir henni.

□ Framkvæmd fullveldisréttarins fer eftir íslenskum lögum og ákvæðum alþjóðalaga.

II. Efnahagslögsaga.

■ **3. gr.** Efnahagslögsaga Íslands er svæði utan landhelgi sem afmarkast af línu sem alls staðar er 200 sjómílur frá grunnlínnum landhelginnar, sbr. þó 7. gr.

■ **4. gr.** Innan efnahagslögsögunnar hefur Ísland:

a. fullveldisrétt að því er varðar rannsóknir, hagnýtingu, verndun og stjórnun auðlinda, lífrænna og ólífrænna, á hafsbotsni og í honum, í hafinu yfir honum svo og aðrar athafnir varðandi efnahagslega nýtingu og rannsóknir innan svæðisins, svo sem framleidslu orku frá sjávarföllum, straumum og vindu,

b. lögsögu að því er varðar:

- i. byggingu mannvirkja og afnot af þeim,
- ii. vísindalegar rannsóknir,

iii. verndun hafssins,

c. önnur réttindi og skyldur samkvæmt alþjóðalögum.

□ Framkvæmd réttinda og skyldna innan efnahagslögsögunnar skal vera samkvæmt sérstökum lögum og í samræmi við milliríkjjasamninga, sem Ísland er aðili að.

III. Landgrunn.

■ **5. gr.** Landgrunn Íslands nær til hafsbotsins og neðansjávarsvarða utan landhelgi, sem eru framlenging landssvæðisins, allt að ytri mörkum landgrunnsvæðisins, þó að 200 sjómílna fjarlægð frá grunnlínum landhelginnar þar sem ytri mörk landgrunnsvæðisins ná ekki þeirri fjarlægð, sbr. þó 7. gr.

■ **6. gr.** Fullveldisréttur Íslands yfir landgrunnu tekur til rannsóknar og hagnýtingar á ólífrænum auðlindum, sem þar eru, svo og á lífverum, sem á nýtingarstigi eru annaðhvort hreyfingarlausar á hafsbotsni eða í honum eða geta ekki hreyft sig án snertingar við hafsbotsninn.

□ Stjórnvöld setja reglur¹⁾ um rannsóknir og hagnýtingu auðlinda landgrunnsins.

¹⁾ Rg. 196/1985 (afmörkun landgrunnsins).

IV. Afmörkun svæða milli landa.

■ **7. gr.** Afmörkun efnahagslögsögu og landgrunns milli Íslands og annarra landa skal eftir atvikum ákveðin með samningum við hlutaðeigandi ríki og skulu slískir samningar háðir samþykki Alþingis.

□ Par til annað verður ákveðið skulu efnahagslögsaga og landgrunn Íslands miðuð við 200 sjómílur frá grunnlínum landhelginnar að því undanskildu þó að þar sem skemmtir er en 400 sjómílur milli grunnlína Færeyja og Grænlands annars vegar og Íslands hins vegar skulu efnahagslögsaga og landgrunn Íslands afmarkast af miðlínu.

V. Ráðstafanir gegn mengun.

■ **8. gr.** Skylt er að forðast allt það sem getur mengað eða á annan hátt spilt hafinu.

□ Íslensk stjórnvöld skulu samkvæmt sérstökum lögum og í samræmi við milliríkjjasamninga sem Ísland er aðili að gera ráðstafanir til að vernda hafið gegn mengun og öðrum spjöllum.

VI. Vísindalegar rannsóknir.

■ **9. gr.** Vísindalegar rannsóknir í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands skulu háðar samþykki íslenskra stjórnvalda.

□ Að því er varðar rannsóknir innan efnahagslögsögunnar eða á landgrunnu skal slíkt samþykki að jafnaði veitt, ef umsókn kemur frá erlendu ríki eða hlutaðeigandi milliríkjastofnun, enda sé um að ræða friðsamlega viðleitni til að efla þekkingu á umhverfi sjávar. Hafna má beiðni, meðal annars, ef hún:

a. stendur í beinu sambandi við rannsókn eða hagnýtingu á lífrænum eða ólífrænum auðlindum,

b. hefur í för með sér boranir á landgrunnu, notkun sprengiefna eða skaðlegra efna fyrir umhverfið,

c. leiðir til byggingar, starfrækslu eða notkunar mannvirkja.

■ **10. gr.** Umsókn um leyfi til rannsókna skv. 9. gr. skal lögð fram eigi síðar en sex mánuðum áður en rannsókn hefst og skulu henni fylgja nákvæmar upplýsingar varðandi:

- a. eðli og markmið rannsókna,
- b. rannsóknaraðferð, þ. á m. nafn, stærð, tegund og gerð skipa og lýsingu á rannsóknartækjum,
- c. nákvæma staðsetningu svæða, sem rannsaka á,
- d. upphaf og lok rannsóknatímabils,

e. nafn stofnunar, sem að rannsóknum stendur, nafn forstjóra hennar og framkvæmdastjóra rannsóknaleiðangurs.

f. fyrihugaða þátttöku íslenskra stjórnvalda í rannsóknum.

□ Íslensk stjórnvöld skulu tilkynna afstöðu sína til umsóknarinnar innan fjögurra mánaða, ef umsókn er hafnað.

VII. Ýmis ákvæði.

■ **11. gr.** Brot á lögum þessum varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum gildandi laga.

■ **12. gr.** ...